

**Þvi dæmist rétt vera:**

1. Stefnri, Jóhönnu Goldstein-Ottósson, er óheimilt, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum til stefnandi, Helgu Sigurðsson, að starfrækja í Reykjavík og nágrenni hennar og Hafnarfirði samskonar saumastofu og stefnandi starfrækir nú í sambandi við verzlunina Gullfoss, eða vinna við slíka stofnun þar á nokkurn hátt í tvö ár frá þeim degi að telja, er hún fór úr þjónustu stefnandi.

2. Stefnri greiði stefnandi kr. 1000.00 sem skaðabætur og auk þess kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja þannig:

- (1) innan 30 daga frá lögbirtingu hans og síðari lið
- (2) innan 15 daga frá sama tíma, hvorttveggja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1939.

Nr. 116/1938. **Christian Fr. Nielsen** (Sjálfur)

gegn

**Hallgrími Benediktssyni**

(Jón Ásbjörnsson).

Ýmsar kröfur í sambandi við samning aðilja um verzlunarfélagsskap og slit á þeim samningi.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 25. okt. 1938 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. nóv. s. á., hefir hér fyrir dómi gert allar hinar sömu kröfur á hendur stefnda sem í héraði, að frátekinni *varavarakröfunni*, svo sem þeim er lýst í héraðsdóminum. Þá krefst áfrýjandi niðurfellingar á réttarfarssekt þeirri, sem á hendur honum er dæmd í héraði. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir

hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Atvik þau, er áfrýjandi byggir kröfur sínar á, höfðu gerzt árin 1911—1913, og var því liðinn þar frá um aldarfjórðungur þar til mál þetta var höfðað í héraði.

Með aðgerðaleysi sínu allan þenna langa tíma hefir áfrýjandi fyrirgert kröfum sínum á hendur stefnda, jafnvel þótt þær kynnu að hafa haft við rök að styðjast í öndverðu. Verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda í máli þessu og staðfesta þar með sýknuákvæði og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Orðin „með klækjum“ í sóknarskjali áfrýjanda í héraði og orðið „álygar“ í varnarskjali stefnds þar eiga að vera ómerk, en eigi þykir nægileg ástæða til að sekta fyrir þau.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

#### Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins eiga að vera óröskuð.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Áfrýjandi, Christian Fr. Nielsen, greiði stefnda, Hallgrími Benediktssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1938.**

Mál þetta, er dómtekið var 31. marz s. l., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. júní s. l. af Christian Fr. Nielsen heildsala, hér í bæ, gegn Hallgrími Benediktssyni stórkaupmanni, hér í bænum, til þess aðallega, að hann verði ásamt stefnanda dæmdur til þess að tilnefna menn í gerðardóm samkvæmt samningi dags. 2. nóv. 1911. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér „vangoldin laun að upphæð kr. 204000.00 með vöxtum og vaxtavöxtum frá ári til árs og hálfan ágóða firmans (þ. e. firmans Hallgrímur Benediktsson) frá 1911 . . . krónur 558 þúsund, sem og að stefndur gefi stefnanda þá aðstöðu í firmanu, sem í samningi þeirra segir, ella greiði stefndur stefnanda kr. 50 þús. und í skaðabætur“. Til varavara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér í eitt skipti fyrir öll kr. 200000.00 í skaðabætur fyrir sammingsrof, og til þrautavara, „að stefndur greiði stefnanda vangoldin laun eins og fyrr segir og allan ágóða síðan firmað Hallgrímur Benediktsson var stofnað af viðskiptunum við firmu þau, er stefnandi í upphafi lagði téðu firma til, sem stefnandi áætlar krónur 150 þúsund, og skaðabætur, krónur 50 þúsund, fyrir sammingsrof, loks greiði stefnandi allan af málinu leiðandi kostnað“.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur riflegur málskostnaður eftir mati réttarins. Ennfremur krefst stefndur þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, svo og fyrir visvitandi ósannsögli í málflutningi sínum, og loks, að ummælin „með klækjum“ í einu sóknarskjali stefnanda verði dæmd dauð og marklaus og stefnandi sektaður fyrir þau.

Málavextir eru þeir, að með samningi dags. 2. nóv. 1911 gerðu stefnandi og stefndur í máli þessu með sér félag um að setja á stofn umboðs- og heildsöluverzlun hér í bænum. Samkvæmt 2. gr. sammingsins skyldi stefndur leggja til firmans kr. 5000.00, en stefnandi öll þau viðskiptasambönd, sem hann hefði þá aflað sér, innanlands og utan. Samkvæmt 3. gr. sammingsins var störfum þannig skipt milli aðiljanna, að stefnandi skyldi annast öll viðskipti út á við og hafa „procura“ fyrir firmað. Stefndur skyldi hinsvegar annast dagleg skrifstofustörf, vera gjaldkeri firmans og hafa á hendi

fjármál þess. Samkvæmt 6. gr. samningsins skyldi stefnandi fá í laun hjá firmanu fyrstu fimm árin kr. 4000.00 á ári, en stefndur kr. 2500.00, en eftir þann tíma skyldu laun beggja vera jafnhá. Aðiljar ráku síðan verzlun þessa til ársins 1913, en þá reis upp ágreiningur á milli þeirra út af því, að stefndur taldi samninginn frá 2. nóv. 1911 ekki lengur gildandi, með því að hann hefði verið brotinn af stefnanda, aðallega á þrennan hátt (sbr. rskj. nr. 9): að stefnandi hefði auglýst firmað erlendis sem H. Benediktsson & Nielsen, í stað þess, að í samningnum sé tekið fram, að það skuli heita Hallgrímur Benediktsson, að stefnandi hefði ekki lagt fram öll þau viðskiptasambönd, sem hann átti að leggja fram til firmans, og að stefnandi hefði þá ákveðið að flytjast búferlum í annað land, án síns samþykkis. Taldi stefndur, að um félag samkvæmt samningnum frá 1911 hefði aldrei verið að ræða, heldur hefði hann rekið verzlunina einn, en stefnandi verið í þjónustu sinni. Stefnandi hélt því hinsvegar fram, að þó að samningurinn kynni að hafa verið rofinn af sér með því að leggja ekki fram öll þau viðskiptasambönd, er samningurinn gerði ráð fyrir, þá hafi það verið eftirgefið af stefndum og þeir rekið verzlunina í félagi samkvæmt samningnum. Í 9. gr. samningsins frá 1911 var svo ákveðið, að ef annarhvor aðilja ryfi samninginn, skyldi hann greiða hinum fyrir samningsrof það, sem dómnefnd þriggja óvillhallra manna, er þeir sjálfir útnefni, telji hæfilegt. Í 10. gr. sama samnings segir og, að ef misklið risi milli aðiljanna út af samningnum eða rekstri firmans, skuli hún lögð í þriggja manna gerðardóm, er þeir útnefni, og beri þeim að hlíta úrskurði þess dóms.

Samkvæmt þessu tilnefndu aðiljar síðan þrjá menn í gerðardóm til þess að útkljá framangreind ágreiningsatriði, og 24. júlí 1913 kvað meiri hluti dómsins upp úrskurð á þann veg, að stefndur í máli þessu skyldi einn teljast eigandi firmans Hallgrímur Benediktsson, en hann skyldi hinsvegar greiða stefnanda kr. 2197.98 (með vöxtum) í laun fyrir vinnu í þarfir firmans, svo og afsala stefnanda tilteknun verzlunarsamböndum og greiða hluta af sölulaunum af vörum frá hlutaðeigandi firmum.

Aðalkröfu sína í máli þessu, að stefndur verði dæmdur til þess að tilnefna ásamt sér menn í gerðardóm samkvæmt samningnum frá 1911, byggir stefnandi á því, að úrskurður

gerðardómsins frá 1913 sé ógildur, en stefndur mótmælir því eindregið, að svo sé.

Stefnandi telur úrskurð gerðardómsins ógildan af tveim ástæðum: að stefndur hafi ekki fullnægt ákvæðum gerðarinnar (ekki „afsalað“ sér hinum tilteknu verzlunarsamböndum og ekki greitt „leigu fyrir firmun“) og að stefndur hafi „brotið stórlega af sér“ með því að skrifa, meðan á gerðinni stóð, ýmsum þeim firmum, er verzlunin hafði umboð fyrir, að hann (stefnandi) væri genginn úr þjónustu hennar. En þótt svo væri, að stefndur hefði ekki fullnægt ákvæðum gerðarinnar, getur það út af fyrir sig ekki valdið ógildingu hennar, ef samningurinn um hana og efni hennar er bindandi samkvæmt almennum samningareglum, eins og telja verður, að hafi verið í tilfelli því, sem hér um ræðir.

Úrskurður gerðardómsins verður því að leggjast til grundvallar í máli þessu, og getur rétturinn ekki hrint gerðinni vegna áðurnefndrar tilkynningar stefnds, sem upplýst er, að gerðarmönnum var kunnugt um. Aðalkrafa stefnanda getur því ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið tekin til greina.

Stefnandi hefir yfirleitt ekki krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að uppfylla þau ákvæði gerðarinnar frá 1913, sem hann heldur fram, að ekki hafi verið fullnægt af hálfu stefnds, heldur byggir hann mest af varakröfum sínum á því, að samningur aðiljanna frá 1911 sé enn í gildi og beri sér því laun og ágóði samkvæmt honum, en stefnanda reiknast svo til, að vangoldin laun nemi nú kr. 204000.00 og hálfur ágóði firmans Hallgrímur Benediktsson til sáttukærudags (9. apríl 1937) nemi kr. 558000.00. Fyrri hluti varakröfu stefnanda fjallar um, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum þessar upphæðir, svo og til að veita honum þá aðstöðu í firmanu, sem í samningnum frá 1911 greinir. En þar sem, eins og áður er sagt, lögmætur gerðardómur hefir kveðið upp bindandi úrskurð um það, að áðurnefndum félagssamningi sé slitið, þá geta þessar kröfur ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið teknar til greina. Síðari hluti varakröfu stefnds er á þá lund, að ef framangreindar kröfur verði ekki teknar til greina, þá verði stefndur dæmdur til að greiða honum kr. 50000.00 í skaðabætur. Þessi skaðabótakrafa stefnanda, sem hann, að því er virðist, byggir helzt á því, að hann telur, að stefndur

hafi svipt sig möguleikum til að starfa að verzlun, er á engan hátt svo rökstudd, að hún, gegn mótmælum stefnds, geti orðið tekin til greina.

Varavarakrafa stefnanda er á þá lund, að stefndum verði gert að greiða honum kr. 200000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof. Gegn mótmælum stefnds hefir stefnanda þó ekki tekizt að sanna, að stefndur hafi á ólögmætan hátt riftað samningum við hann, og getur því krafa þessi heldur ekki orðið tekin til greina.

Prautavarakrafa stefnanda fjallar fyrst og fremst um það, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér áðurnefndar kr. 204000.00 í laun, en af þeim ástæðum, sem að framan greinir, getur sú krafa ekki orðið tekin til greina. Þá krefst stefnandi þess, að stefndum verði gert að greiða sér kr. 150000.00, sem samkvæmt áætlun hans er allur ágóði af viðskiptum við firmu þau, er stefnandi lét upphaflega firmanu Hallgrímur Benediktsson í té. En samkvæmt áðurnefndum úrskurði gerðardómsins frá 1913 var stefndum gert að skila stefnanda aftur téðum verzlunarsamböndum, svo og greiða honum 15% af „provision“ nefndra firma frá 2. nóv. 1911 til 24. júlí 1913. Í málinu má það teljast upplýst, að stefndur hefir tilkynnt hlutaðeigandi firmum þann úrskurð gerðardómsins, að stefnandi ætti að fá umrædd viðskiptasambönd aftur, og lagt það firmunum á vald að gera þær ráðstafanir, er þeim sýndist í því sambandi. Verður því að telja, að stefndur hafi uppfyllt ákvæði gerðarinnar fyrir sitt leyti að því er þetta atriði snertir, en hinsvegar er það ekki, gegn mótmælum stefnanda, upplýst, að stefndur hafi greitt honum nefnda „provision“ frá 2. nóv. 1911 til 24. júlí 1913. Auk þess sem stefndur hefir mótmælt öllum kröfum stefnanda sem röngum, hefir hann og mótmælt þeim sem fyrndum. Skal nú tekið til athugunar, hvort framangreind krafa stefnanda geti talizt fyrnd eða ekki.

Stefnandi hefir haldið því fram, að stefndur hafi greitt sér upp í „reikning sinn“ kr. 90.00 í desembermánuði 1928 (sbr. rskj. nr. 16), svo og kr. 4120.00 árið 1932, og þar með hafi fyrningu verið slitið. Hvorugar framangreindar greiðslur geta þó talizt hafa slitið fyrningu á áðurnefndri kröfu stefnanda, því að fyrri greiðslan, sem tilgreind kona hér í bæ kveðst hafa fengið frá stefndum, og „var greiðslan fyrir Chr. Fr. Nielsen“, eins og segir í framlögðu vottorði,

getur ekki, gegn mótmælum stefnds, talizt fela í sér neina viðurkenningu á framangreindri kröfu. Siðari greiðslan, sem voru lánsupphæðir, er stefndur hafði veitt stefnanda á árunum 1918—1921, var talin til skuldajafnaðar kröfu stefnanda út af sölu á húseign, samkvæmt heimild í dómi hæstaréttar frá 27. maí 1932, og getur því ekki talizt hafa áhrif á fyrningu framangreindrar kröfu. Sáttakæra í máli þessu er birt 9. apríl 1937, og verður krafan því að teljast vera fyrnd, og getur ekki, gegn mótmælum stefnds, orðið tekin til greina. Loks hefir stefnandi í þrautavarakröfu sinni krafizt af stefndum kr. 50000.00 fyrir sammingsrof. Með skirskotun til þess, er segir hér að framan um samskonar lið í varavarakröfu stefnanda, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Kröfur stefnds um sekt á hendur stefnanda fyrir óþarfa málsýfingu og visvitandi rangan málflutning um ákveðið atriði þykja réttinum að visu ekki óeðlilegar. En þar sem hallast verður að því, að stefnandi hafi lagt trúnað á réttmæti málstaðar síns að meira eða minna leyti, og ekki verður staðhæft, að stefnandi hafi nú gegn betri vitund skýrt ranglega frá fyrrgreindu atriði, þykir ekki alveg næg ástæða til að taka þessar sektarkröfur til greina.

Ummælin „með klækjum“ í einu sóknarskjali stefnanda (rskj. nr. 14) skulu vera dauð og ómerk, og greiði stefnandi fyrir þau 20 kr. sekt í rikissjóð, en sæti ella 2 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Málskostnað greiði stefnandi stefndum með kr. 150.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Hallgrímur Benediktsson, á að vera sýknaf kröfum stefnanda, Christian Fr. Nielsen, í máli þessu, og greiði stefnandi stefndum kr. 150.00 í málskostnað.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði stefnandinn 20 kr. sekt í rikissjóð, en sæti ella tveggja daga einföldu fangelsi, ef sektin verður ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-  
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1939.

Nr. 20/1939. **Jón Sveinsson** (Pétur Magnússon)  
gegn

**Vigfúsi Vigfússyni** (Enginn).

Skuldamál. Mótbára, reist á því, að krafa hafi præ-  
cluderast, ekki tekin til greina.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-  
réttar með stefnu 21. febr. þ. á., hefir krafizt þess,  
að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum  
kr. 940.00 með 6% ársvöxtum af kr. 500.00 frá 8.  
febr. 1936 og af kr. 440.00 6% frá 8. sept. s. á., máls-  
kostnað í héraði kr. 261.85 og málskostnað fyrir  
hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefir ekki mætt né látið mæta fyrir hæsta-  
rétti, er málið skyldi flytja, enda þótt honum hafi  
verið löglega stefnt, og ber því að dæma málið, sem  
flutt hefir verið skriflega samkvæmt 1. tölulið 38.  
gr. hæstaréttarlaganna, eftir framlögðum skjölum og  
skilrikjum.

Lán þau, sem áfrýjandi veitti stefnda og hann  
krefur stefnda í máli þessu, voru í té látin 8. febr.  
1936, en síðasta áskorun til skuldheimtumanna um  
kröfulýsingar til stjórnar skuldaskilasjóðs vélbáta-  
eigenda var birt 9. jan. 1936. Krafa áfrýjanda var  
því stofnuð eftir útgáfu skuldainnköllumunar og virð-  
ist því eigi hafa fallið burt eftir 14. gr. laga nr.